

Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2022

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2022 er 13,69%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2022:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,38%
Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%
Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,00 % af fasteignamati og er innheimt með fasteignagjöldum.
- **Sorphirðugjald**
Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 40.895.
Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 17.150.
Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 4.100.
Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- **Rotþróargjald**
Rotþróargjald er kr. 13.675,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2022 verða 8 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða lægri er einn gjalddagi 15. maí.

Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður er vélrænn samanburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	4.210.583	100%
4.210.584	4.607.840	80%
4.607.841	5.020.965	50%
5.020.966	5.990.022	25%

Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	6.673.463	100%
6.673.464	7.626.652	80%
7.626.653	8.104.948	50%
8.104.949	8.421.733	25%

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpurðunargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Linda Björk Pálsdóttir
Sveitarstjóri